

um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs og tryggja, að á næstu 5 árum hækki fjárveitingar til rannsóknarmálefna um að minnsta kosti 0.2% af þjóðartekjunum á ári hverju.

Greinargerð.

Þeirri skoðun vex nú mjög fylgi, að það, sem mestu ráði um efnalega velgengi þjóðanna, sé sú aðstaða, sem mönnum er sköpuð til þess að rækta huga sinn og uppgötva ný sannindi. Óþarft er að rekja í löngu máli þau miklu áhrif á lífskjör manna, sem nýjar uppgötvanir hafa haft. Dæmin eru þar fjölmörg og deginum ljósari.

Íslendingar eru af skiljanlegum ástæðum nokkuð seinir til þess að viðurkenna þessa staðreynd í verki, sem m. a. lýsir sér í því, að þeir verja hvað minnstum hluta þjóðartekna til hagnýtra rannsókna í þágu atvinnulífsins.

Í opinberum skýrslum má m. a. fá upplýsingar um, hvernig þessum málum er farið hjá ýmisum þjóðum. Nefni ég nokkur dæmi um þann hundraðshluta, er þjóðirnar verja af þjóðartekjum sínum til þessara mála:

Ár	Ísland	Svíþjóð	Noregur	Bandaríkin	Bretland
1950	0.2%	0.2%	0.3%	1%	1%
1966	0.4%	1.5%	1.1%	3.3%	2.3%

Af þessum upplýsingum er ljóst, hversu alvarlega horfir hjá okkur í þessum efnun og hversu stórt átak þarf að gera hér á landi, til þess að við sinnum þessum mikilvæga málaflokki í líkingu við það, er aðrar menningarþjóðir gera.

Sem betur fer virðist nú ört vaxandi skilningur hjá þjóðinni á mikilvægi rannsókna í þágu atvinnulífsins. Þrátt fyrir litlar fjárveitingar til rannsóknarmála hafa vísindamenn okkar unnið ýmis afrek á sínu sviði, sem fært hafa þjóðinni mikinn arð. Nægir að minna á bóluefni gegn garnaveiki í sauðfé, sem dr. Björn heitinn Sigurðsson fann upp fyrir nokkrum árum og fróðir menn telja, að spari bændum árlega um 50—60 milljónir króna. Þá hef ég einnig lesið grein eftir einu af yngri vísindamönnum okkar, sem segir, að hefðu niðurstöður rannsókna á þéttlingu hrauna vegna framburðar jökulfljóta legið fyrir, þegar hin mikla Búrfellsvirkjun var undirbúin, þá hefði mátt spara 40 milljónir króna í byggingarkostnaði Búrfellsvirkjunar.

Af þessu má ljóst vera, hversu mikilvægu hlutverki rannsóknarstarfsemin getur gegnt, ef rétt er að henni búið og skilvirkari leiðir fundnar til þess að kynna atvinnuvegunum niðurstöður hennar. Þá má ekki heldur standa á forustumönnum atvinnuveganna að hagnýta sér tækninýjungarnar.

Með tillöguflutningi þessum er stefnt að því að auka þann hluta þjóðartekna, sem til rannsóknarstarfsemi gengur, jafnt og þétt á næstu 5 árum, þannig að þá verði a. m. k. 1.5% þeirra varið í þessu skyni. Stæðum við þá árið 1975 í sömu sporun og Svíar voru 1966.

Að sjálfsögðu er gert ráð fyrir, að fylgzt verði með því, hve miklu fjármagn er varið til rannsókna og tilrauna á Íslandi, með athugunum eins og þeim, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur áður gert.

Sjálfsagt er, að atvinnuvegirnir, þeir sem njóta eiga ávaxtanna af rannsóknarstarfseminni, leggi sitt af mörkum til þess, að þessu marki verði náð, en veruleg ríkisframlög þurfa þá líka til að koma.

Nánar í framsögu.